**Nd.** **32. Tillaga**

til þingsályktunar um útvarp.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, að útvarpsrekstur verði tekinn upp hið allra fyrsta, samkvæmt gildandi heimildarlögum um útvarp.

## Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til árjettingar þingsályktun um sama mál, sem samþykt var á síðasta þingi, og vísast til greinargerðar hennar. Þess skal getið, að ályktun í svipaða átt var samþykt einróma á öllum þingmálafundum í Rangárvallasýslu, og víðar hafa raddir komið fram í sömu átt, og sýnir það, að almenningur skilur nauðsyn þessa stórmerka máls. Það virðist því óverjandi, að landsstjórnin láti þetta mál lengur undir höfuð leggjast, sjerstaklega þegar hagur ríkissjóð stendur með slíkum blóma. Nánar í framsögu.